

4. gr.

Leitast skal við að varðveita höfuðstól sjóðsins óskertan. Þó er heimilt að víkja frá því og veita stærri framlög, ef sérstakar ástæður mæla með. Af tekjum er heimilt að veita framlög úr sjóðnum til verkefna er tengjast stofnræktun á garðávöxtum, t.d. framleiðslu á heilbrigðum stofnum, eftirliti með ræktun og sölu útsæðis. Kostnaður af störfum útsæðisnefndar skv. II. kafla rg. nr. 66/1987 greiðist úr Garðávaxtasjóði.

Umsóknir um framlög úr Garðávaxtasjóði skal senda stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir 1. febrúar ár hvert, en fyrir 1. júní á árinu 1992.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. maí 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka,
nr. 54 31, janúar 1986.**

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð fjórum mönnum til þriggja ára í senn og fjórum til vara. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Forstöðumanni bankaftirlits Seðlabanka Íslands er heimilt að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist af Tryggingarsjóði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 51. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Finnur Sveinbjörnsson.